



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2024-2025 laugardaginn 18. maí 2024

kl. 16.00 - 17.00 á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjaramál og áherslur félagsins.
2. Fundartími stjórnar.
3. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Drög að kröfugerð 2024 FH, FHA og FPR ásamt greinargerð.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.02. Hún bauð nýja stjórnarmeðlimi, þær Eyju Margréti og Hermínu, velkomna í stjórn félagsins.

1. Kjaramál og áherslur félagsins.

Formaður sagði að samninganefnd félagsins vinni áfram að sameiginlegri kröfugerð með FH og FHA. Síðan er sameiginleg kröfugerð með 13 félögum BHM í vinnslu. Félagið er áfram með sinn sjálfstæða samningsrétt þó að samráð eigi sér stað með öðrum félögum.

Formaður fór yfir drög að sameiginlegri kröfugerð félagsins með FH og FHA en hún var send fyrir fundinn. Krafa um styttingu vinnuvikunnar og að kennsluþyrvinna verði greidd eins og önnur þyrvinna eru mál sem eru sameiginleg með akademíunni. Þá er mikilvægt að leiðrétta kaupmátt dagvinnulauna félagsfólks en þar hafa prófessorar setið eftir undanfarin ár. Samninganefndin vinnur áfram að kröfugerðinni í samræmi við umræður fundarins.

2. Fundartími stjórnar.

Vegna kjarasamninga var ákveðið að vera með stjórnarfundum næstu þrjú föstudaga kl. 12 -14. Fyrsti fundurinn verður 24. maí nk.

Ákveðið var að fá Kolbrúnu Halldórsdóttur formann BHM, Vilhjálmm Hilmarsson hagfræðing BHM og Gylfa Magnússon prófessor við HÍ á stjórnarfund til að fara yfir stöðuna í kjaramálum.

3. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.50.

Fundarritari: LP.